

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 7505/2013

Reykjavík, 29. maí 2018

Sigríður Á. Andersen  
dómsmálaráðherra  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

## I

Ég vísa til svarbréfs dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. mars sl., við fyrirspurnarbréfi mínu, dags. 18. desember sl., til bæði dómsmálaráðuneytisins og velferðarráðuneytisins í tengslum við athugun mína er lýtur að aðbúnaði og aðstæðum fanga í fangelsinu Litla-Hrauni, en einnig að aðstæðum fanga almennt, þ. á m. þeirri geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu sem föngum stendur til boða og aðbúnaði geðsjúkra fanga í afplánunarfangelsum.

Í bréfi mínu óskaði ég eftir því, m.a. í ljósi þeirrar stöðu sem uppi hefur verið um árábil í málefnum geðsjúkra en sakhæfra fanga og gagnrýni á hana, sem m.a. var fjallað um í skýrsludrögum setts umboðsmanns árið 2013, að ráðuneytin gerðu mér grein fyrir því hvort fyrirhugað væri að endurskoða þau úrræði sem standa þeim til boða í heilbrigðiskerfinu. Þá var þess óskað að ráðuneytin lýstu afstöðu sinni til þess hvort ákvæði laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, tryggi réttindi fanga samkvæmt 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) með fullnægjandi hætti og hvort til athugunar hafi komið að endurskoða þau að þessu leyti. Í því sambandi tók ég fram að ég hefði sérstaklega í huga hvernig gildandi lagaákvæði um þessi mál og framkvæmd í raun fullnægja þeim áskilnaði sem þar er gerður.

Í svarbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. mars sl., kom m.a. eftirfarandi fram varðandi málefni geðsjúkra en sakhæfra fanga:

„Fangelsismálastofnun hefur í minnisblaði til ráðuneytisins í ársbyrjun vakið athygli á stöðu nokkurra fanga sem eru í afplánun en hafa ekki fengið viðeigandi þjónustu í fangelsi samkvæmt lögum og viðeigandi úrræði eru ekki til staðar fyrir þá að afplánun lokinni. Flestir þessara einstaklinga glíma við geðræn vandamál af ýmsum toga. Ljóst er að mati ráðuneytisins að framkvæmd laga um fullnustu refsinga tryggir ekki réttindi fanga samkvæmt 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar

og 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu með fullnægjandi hætti. Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem sett hafa verið fram að sé alvarlega geðsjúkur maður sem sakfelldur hefur verið fyrir refsilagabrot vistaður í afplánunarfangelsi hér á landi þá kunni slík ráðstöfun að ganga nærri því að teljast brot á 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, ef honum er ekki tryggð þar viðeigandi lækniþjónusta. Það er afstaða ráðuneytisins að brýnt tilefni sé til þess að endurskoða fyrirkomulag geðheilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni sem og í fangelsum landsins almennt. Ráðuneytið telur mikilvægt að viðhafa viðtækt samráð í þeim efnum við velferðarráðuneytið og fangelsismálayfirvöld."

Í bréfi mínu óskaði ég einnig eftir upplýsingum varðandi veitingu almennrar geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum. Ég óskaði m.a. upplýsinga um þjónustusamning sem gerður hefur verið varðandi framkvæmd heilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni, viðveru geðlækna, sálfræðinga og sérhæfðs hjúkrunarfólks í fangelsinu Litla-Hrauni, hvernig lækniþjónustan við upphaf afplánunar og einangrunar sé háttað auk þess sem ég óskaði upplýsinga um aðgengi fanga að geðlæknum.

Í svari ráðuneytisins er gerð grein fyrir aðkomu þess að umræddum málum. Þar kom einnig fram að ráðuneytið teldi að endurskoða verði gildandi þjónustusamning um framkvæmd heilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni með það að markmiði að tryggja að ákvæði hans samrýmist gildandi ákvæðum laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga. Þá var þeirri afstöðu lýst að vinna verði að lausnum varðandi geðheilbrigðisþjónustu fanga, þannig að ekki leiki vafi á því að þeir sem þess þurfi njóti þeirrar umönnunar sem þeir eigi rétt á samkvæmt lögum og við þær aðstæður sem samrýmist ástandi þeirra og þörfum.

## II

Á undanförnum misserum hef ég þannig átt í töluverðum samskiptum við það ráðuneyti sem fer með yfirstjórn fangelsismála, nú dómsmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og önnur stjórnvöld sem koma að málefnum fanga. Í þeim samskiptum mínum hafa fangelsismálayfirvöld lýst áhyggjum sínum af því að á Litla-Hrauni hafi verið vistaðir fangar með alvarleg geðræn vandamál auk þess sem áhyggjum hefur verið lýst af almennri geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum og hvernig hún samræmist ákvæðum gildandi laga. Í svörum dómsmálaráðuneytisins er enn tekið undir slíkar áhyggjur og þeirri afstöðu enn fremur lýst að framkvæmd laga um fullnustu refsinga tryggi ekki réttindi fanga samkvæmt 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. MSE með fullnægjandi hætti. Þá sé það afstaða ráðuneytisins að sú ráðstöfun að vista alvarlega geðsjúkan mann í afplánunarfangelsi kunni að ganga nærri því að teljast brot á 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár, sbr. 3. mgr. MSE.

Í svari velferðarráðuneytisins, dags. 28. febrúar sl., sem ber með sér að dómsmálaráðuneytið hafi fengið afrit af því, er lýst því mati þess ráðuneytis að tilvísun í lög um heilbrigðisþjónustu í 29. gr. laga um fullnustu refsinga sé þannig að hún tryggi réttindi fanga samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. MSE með fullnægjandi hætti.

Því er hins vegar látið ósvarað af hálfu ráðuneytisins hvort hið sama eigi við um framkvæmd laganna í raun, en um það var einnig spurt í fyrirspurnarbréfi mínu.

Í samskiptum mínum við ráðuneytin síðustu ár vegna málefna fanga, m.a. í þessu máli, hefur ýmissi viðleitni til úrbóta verið lýst. Nú er þeirri afstöðu dómsmálaráðuneytisins enn fremur lýst að brýnt tilefni sé til þess að endurskoða fyrirkomulag geðheilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni sem og í fangelsum landsins almennt og viðhafa viðtækt samráð í þeim efnum við velferðarráðuneytið og fangelsismálayfirvöld.

Með vísan til þessa óska ég eftir því, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið upplýsi mig um í hverju þessar nauðsynlegu úrbætur muni nánar tiltekið felast. Hef ég þá t.d. í huga hvort ráðuneytið hafi sett sér aðgerða- og tímaáætlanir vegna þessara mála, hver verði fyrstu viðbrögð ráðuneytisins til að rétta það ástand sem það lýsir óviðunandi, hvenær þeim verði hrundið í framkvæmd, og ef þörf er á sérstöku fjármagni til þess hvaða ráðstafanir hafi þá verið gerðar í þeirri viðleitni að tryggja nægilegt fjármagn til umbótanna o.s.frv. Jafnframt óska ég eftir að fram komi hvort ráðuneytið telur þörf á breytingum á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum til að ná fram þessum úrbótum og þá hvaða breytingum.

Ég tek að síðustu fram að í ljósi áður nefndra svara dómsmálaráðuneytisins og þess ástands sem um lengri tíma hefur verið viðvarandi í geðheilbrigðismálum fanga tel ég nauðsynlegt, vegna þess eftirlitshlutverks sem umboðsmanni Alþingis er falið og til þess þá eftir atvikum að ég geti upplýst Alþingi um hvort og hvernig stjórnvöld ætla að bregðast við, að kalla eftir því að ráðuneytið geri mér sem allra fyrst grein fyrir ofangreindum atriðum. Ég minni á að rétt eins og ráðuneytið vísar til þá er hér til úrlausnar hvort framkvæmd stjórnvalda á gildandi lagareglum fullnægi þeim kröfum sem leiða af stjórnarskrá og mannréttindareglum. Frá sjónarhóli eftirlits umboðsmanns er sérstaklega brýnt að fá sem allra fyrst skýr svör stjórnvalda um ofangreint málefni en síðar á þessu ári mun umboðsmaður, eins og ráðuneytinu er kunnugt um, hefja svokallað OPCAT-eftirlit. Sá frestur til svars sem ég tilgreini hér að neðan tekur mið af þessum atriðum enda tel ég, í ljósi þeirra svara ráðuneytisins sem vísað var til hér að ofan og mats þess á stöðu mála, brýnt að geta sem allra fyrst tekið afstöðu til þess hver kunna að verða næstu skref af minni hálfu í þessu máli.

Eins og tekið var fram í upphafi þessa bréfs hefur athugun mín á málefnum geðsjúkra en sakhæfra fanga og atriði sem tengjast geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu fanga verið sérstakur liður í þeirri athugun á aðbúnaði og aðstæðum fanga í fangelsinu Litla-Hrauni sem fjallað var um í skýrsludrögum setts umboðsmanns á árinu 2013. Á næstunni verður tekin afstaða til þess hvernig athugun á öðrum þáttum sem um var fjallað í þeim skýrsludrögum verður lokið af hálfu umboðsmanns og þá m.a. með tilliti til þess hvort rétt sé að einstakir þættir bíði umfjöllunar á vettvangi OPCAT-eftirlitsins sem mun hefjast hér á landi

innan tíðar. Ég mun tilkynna ráðuneytinu nánar um niðurstöður mínar um þessi atriði á næstunni.

Ég óska eftir því að svar dómsmálaráðuneytisins berist mér eigi síðar en 15. september nk. Ég tek fram að ég hef sent heilbrigðisráðherra afrit af þessu bréfi og ítreka með því þau sjónarmið sem ég hef áður lýst um mikilvægi þess að dómsmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið hugi sameiginlega að lausn þeirra mála sem um er spurt í þessu bréfi.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson